Ed. **264. Frumvarp til laga** [153. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir 1% af innheimtum launaskatti, samkvæmt lögum þessum, til ríkissjóðs vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Frá 1. janúar 1974 og til loka þess árs skal fjárhæð almenns launaskatts samkvæmt 1. gr. nema 2½% og 1½% renna í ríkissjóð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.